

1873.

6. nóvbr.

dómsmálastjórnin er yður og amtmanninnm samdóma í því, að fyrirspurnum þessum skuli svarað á þá leið:

1. að enginn sè skyldur til að greiða skatt, nema hann eigi til tíundar 1 hundrað fyrir hvert skylduhjú sitt, og svo eitt (heilt) hundrað umfram, og

2. að álíta megi, að þessi regla gildi einnig í Þingeyjarsýslu.

7. nóvbr.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á árinu 1874 og dómsmálasjóðinn.

Með þessu bréfi sendum vèr yður herra landshöfðingi, nokkur exemplör af áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á árinu 1874, sem staðfest er með konungsráðgjörð 31. f. m.; að því leyti, er snertir útborganir launa o. s. frv., sem tilfærð eru í meðfylgjandi exemplörum af athugasemdum þeim við tæða áætlun, sem prentaðar verða í stjórnartíðindunum dönsku, bendum vèr til þess, sem fyrir er sagt í bréfi dómsmálastjórnarinnar 20. febr. 1866, sbr. bréf hinnar íslensku stjórnardeildar 15. apríl 1851, og 4. marz 1871.

Til samlags við þetta getum vèr þess, að hans hátign konunginum hefir þóknazt sama dag að fallast á, að dómsmálasjóðurinn ekki framvegis skuli vera sjóður útaf fyrir sig, en að tekjur hans skuli renna inn í landssjóð, og skal í því tilliti vísað til fyrnefndra athugasemda við 2. gr., 15., sbr. 8. og 6. gr., 2. og 9. Útaf þessu mælumst vèr því til, að þèr, herra landshöfðingi, afsalið landssjóðnum öll þau skuldabréf, sem einstakir menn hafa gefið út til dómsmálasjóðsins, og enn eru eptir, og sendið hingað útlögð endurrit af öllum skuldabréfum, sem dómsmálasjóðurinn hefir áður átt, og einstakir menn hafa gefið út, og enn fremur reikning með tilheyrandi skilríkjum um efnahag dómsmálasjóðsins við árslok 1873, en það, sem samkvæmt

1873.

7. nóvbr.

reikningnum þá er í sjóði, skal borgað í jarðabókarsjóðinn og talið með tekjum hjálparsjóðsins (2. gr. 15.)

Ad því leyti, er snertir hina nýju útgjaldagrein í 6. gr. B., endurgjald til embættismanna útaf því, að aftekið er að flytja póstsendingar kauplaust, uppá 600 rd.¹, væntum ver að fá skýrslu við lok ársins um, hve miklu fê sê varið í þessu tilliti, og sömuleiðis mælumst ver til, að því leyti, er snertir þá 800 rd., sem samkvæmt 6. gr. D. 8 eru ætlaðir til aðgjörðar á Vestmannaeyja kirkju, að þær sendið reikning, þegar að því kemur, um kostnaðinn og skoðunargjörð yfir kirkjuna.

Ef nokkuð verður borgað úr landssjóðnum á árinu 1874 samkvæmt 10. gr. í áætluninni til byggingar fangelsis á Vestmannaeyjum, mælumst ver til, að þær annist um, að borgaðir verði 4 af hundraði í vöxtu á ári af upphæðinni, sem er lán handa jafnaðarsjóði suðuramtsins, og $\frac{1}{15}$ á ári uppí innstæðuna í þau 15 ár, sem þá fara í hönd, og þegar húið er að koma upp fangelsinu, væntum ver að fá reikning um kostnaðinn og skoðunargjörð yfir bygginguna.

Af bréfi yðar, dagsettu 1. maí þ. á., má sjá, að borgaðir hafi verið hingað til 62 rd. á ári úr dómsmálasjóðnum til launa handa lögregluþjóni í Reykjavík. Með því nú stjórnarráðinu er eigi kunnugt um, hver heimild hafi verið til þess að veita þetta fê, mælumst ver til að fá nákvæmari skýrslu um þetta atriði og þar með álit yðar um, hvort greiða megi tæða upphæð úr landssjóðnum, eptir að húið er að steypa dómsmálasjóðnum saman við landssjóðinn, og skal að öðru leyti vísað til athugasemdanna við 6. gr. í niðurlaginu.

Ad endingu getum ver þess, að landfógetanum á Íslandi er skipað að borga út upphæðir þær, sem tilfærðar eru í áætluninni.

¹) Þessi upphæð er talin með því, sem ætlað er til skrifstofufjár.